



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1717  
komudagur 21.4.2006

FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFARA

Reykjavík 17. apríl 2006.

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) fagnar því að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, þskj.220 – 220.mál.

Félag íslenskra sjúkráþjálfara er fagfélag sjúkráþjálfara á Íslandi og nær til svo til allra sjúkráþjálfara landsins. Raunar hefur félagið síðastliðin tvö ár verið með vinnuhóp í gangi undir yfirskriftinni "Hreyfing er meðferðarform" og hefur þessi hópur verið að kynna sér hvernig þessum verkefnum hefur verið ýtt af stað og fylgt eftir í nágrannalöndum okkar. Norræn félög sjúkráþjálfara hafa veitt FÍSP upplýsingar og einnig hefur umræða átt sér stað innan Evrópusamtaka sjúkráþjálfara og auðvitað meðal sjúkráþjálfara hér á landi. Vinnuhópur FÍSP vinnur nú sem ráðgefandi aðili með sjúkráþjálfurum í Garðabæ sem munu verða virkir þátttakendur í tilraunaverkefni sem mun fara af stað á hausti komanda. Einnig hafa fulltrúar félagsins fundað með landlækni, fulltúum heilbrigðisráðuneytis og nemendum úr V&L námi við Endurmenntunarstofnun HÍ, um hvernig heppilegast væri að standa að þessum málum hér á landi.

### **Umsögn FÍSP um tillögu til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu er eftirfarandi:**

Sjúkráþjálfarar eru löggilt heilbrigðisstétt, sem hafa fjögurra ára háskólanám að baki. Megináherslur námsins eru á stoð- og hreyfikerfi líkamans ásamt sjúkdómafræði. Sjúkráþjálfun byggir meðal annars á því að eftir greiningu og mat á sjúkdómseinkennum, að finna heppilega og viðeigandi hreyfingu og þjálfun sem meðferð við hinum ýmsu sjúkdómum og einkennum þeirra.

Töluverð vinna af hálfu félagsins hefur verið sett í þennan málaflokk enda málið algjörlega í takt við það sem sjúkráþjálfun byggir á. Það er mat FÍSP að ávinningur af slíku kerfi sé augljós ef horft er til forvarnagildis hreyfingar á öllum stigum (1., 2., og 3. stigs forvörn). Það mat er byggt á vísindalegum gagnreyndum rannsóknum um forvarnargildi hreyfingar. Einnig má áætla að ávinningurinn sé bætt lífsgæði einstaklinga og jafnvel lækkun lyfjakostnaðar. Þetta gæti síðan leitt til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu.



---

## FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFARA

Stjórn FÍSÞ telur að ekki sé nein þörf fyrir að setja á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem ættu að hafa umsjón með hreyfingar-, lífstíls- eða þjálfunaráætlunum. Eins og fram hefur komið eru hér á landi velmenntaðir sjúkraþjálfarar sem hafa mikla þekkingu á þessu sviði og einnig eru aðrar fagstéttir sem vissulega koma að þessum málum s.s. íþróttakennarar og íþróttufræðingar.

Engu að síður hefur vinnuhópur FÍSÞ þær hugmyndir að þátttakendur í ferlinu muni verða vottaðir sem meðferðaraðilar þar sem ákveðnar kröfur verða gerðar um þekkingu, aðstöðu, skráningu og mælingar.

Mikilvægt er að byggja kerfið upp á skynsamlegan máta og nauðsynlegt er að meta árangur af fyrirkomulaginu. Mat FÍSÞ er að þær tillögur sem lagðar eru fram í verkefni nema í V&L náminu falli vel að íslensku heilbrigðiskerfi bæði með tilliti til aðgengis að þjónustu sem og eftirfylgni á árangri. Nánari útfærsla er verðugt og spennandi verkefni.

Því fagnar FÍSÞ þeirri tillögu sem lögð hefur verið fram um að skipa nefnd til að undirbúa að hreyfing verði meðferðarform í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Að sama skapi lýsir stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara sig reiðubúna til að skipa fulltrúa í þá nefnd sem vinna mun málinu brautargengi.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara,

Auður Ólafsdóttir, formaður